

Skjal nr:	STE-002	Ríkislögreglustjóri Jafnlaunastefna	
Útgáfa:	4.0		
Dags:	7.2.2023		
Samþykkt: Ríkislögreglustjóri		Jafnlaunastefna	
Síða	1 af 2		

Tilgangur og gildissvið

Jafnlaunastjórnunarkerfi nær til alls starfsfólks. Starfsmaður er sá sem hefur gildandi ráðningarsamband við embætti ríkislögreglustjóra. Kerfið nær ekki til verktaka né þeirra sem vinna tímavinnu.

Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna er sett af ríkislögreglustjóra og byggir á staðlinum ÍST 85. Jafnlaunastefnan er unnin í samræmi við lög um jafnan rétt og stöðu kynja sbr. lög nr. 150/2020.

Markmið jafnlaunstefnu

Allt starfsfólk skal njóta jafnra kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum kjörum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir óháð kyni. Embætti ríkislögreglustjóra greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og taka þau mið af þeim kröfum sem störf gera. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjara- og stofnanasamninga. Stöðugt skal unnið að því að óútskýrður kynbundinn launamunur sé ekki til staðar hjá embætti ríkislögreglustjóra.

Með innleiðingu jafnlaunastefnu skuldbindur embætti ríkislögreglustjóra sig til að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi, skjalfesta og viðhalda með stöðugum umbótum.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjara- og stofnanasamningum sem í gildi eru hverju sinni.
- Framkvæma árlega eða oftár ef þörf er á, launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að tryggja að ekki sé til staðar óútskýrður kynbundinn launamunur.
- Kynna fyrir starfsfólki niðurstöðu launagreiningar hvað varðar óútskýrðan kynbundinn launamun innan samanburðarhæfra starfaflokka nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því.
- Bregðast við frábrigðum, komi þau fram, með stöðugum umbótum og eftirfylgni.
- Framkvæma innri úttekt árlega eða oftár ef þörf er á.
- Halda rýni yfirstjórnar árlega eða oftár ef þörf er á, þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Kynna jafnlaunastjórnunarkerfið fyrir öllu starfsfólki.
- Tryggja aðgengi almennings að stefnunni á logreglan.is og starfsmanna á innri vef embættisins.

Jafnlaunastefnan er jafnframt launastefna embættisins.

Tilvísanir

ÍST 85: 2012 – 4.1 Almennar kröfur

ÍST 85: 2012 – 4.2 Jafnlaunastefna

ÍST 85: 2012 – 4.3.2 Lagalegar kröfur og aðrar kröfur

ÍST 85: 2012 – 4.3.3 Markmið og áætlanir

ÍST 85: 2012 – 4.4.4 Skjalfesting

ÍST 85: 2012 – 4.5.3 Frábrigði, úrbætur og forvarnir

ÍST 85: 2012 – 4.5.5 Innri úttekt

ÍST 85: 2012 – 4.6 Rýni stjórnenda

STE-001 Skilgreining ábyrgðar vegna jafnlaunastjórnunarkerfis

VER-002 Innri úttekt

VER-003 Rýni stjórnenda

VER-004 Vöktun og mæling

VER-005 Frábrigði, úrbætur og forvarnir

VER-006 Jafnlaunaviðmið og flokkun starfa

VER-007 Launasetning og endurskoðun launa

VER-010 Lagalegar kröfur og aðrar kröfur

Síðustu breytingar og/eða athugasemdir

Ritstjórn tekin út